

Kennsluáætlun – haust- og vorönn

Námsgrein: Náttúru- og samfélagsfræði

Árgangur/bekkur: 2. bekkur

Kennari: Sigríður Bjarney Guðnadóttir

Námsefni:

- Komdu og skoðaðu fjöllin
- Komdu og skoðaðu bílinn
- Komdu og skoðaðu eldgos
- Trúabrögðin okkar
- Stjarnan
- Regnboginn

Bækurnar:

- ✓ **Komdu og skoðaðu fjöllin:** Áhersla er lögð á fjöll, gerð þeirra og fjölbreytileika. Tekin eru dæmi um fjöll, víða að af landinu, sem myndast hafa á ólíkan hátt og lýsingar á þeim tengdar við þjóðsögur og frásagnir.
- ✓ **Komdu og skoðaðu eldgos:** Áhersla er lögð á orsakir eldgosa og jarðskjálfta og viðbrögð við þeim. Jafnframt er fjallað um uppbyggingu jarðar, jarðskorpufleka og eldgosa á Íslandi.
- ✓ **Komdu og skoðaðu bílinn:** Fjallað er um kraft og hreyfingu, viðnám, orku og fleiri eðlisfræðileg fyrirbæri sem eru tengd við það umhverfi sem börnin þekkja en jafnframt sett í sögulegt samhengi.
- ✓ **Trúarbrögðin okkar:** Hún er hugsuð til kynningar á fimm trúarbrögðumf; búddatrú, hindúatrú, kristni, islam og gyðingdómi. Bókin lýsir trúarbrögðum frá sjónarhóli barna í sama bekk. Annað hlutverk hennar er að sýna að börn og fullorðnir geta umgengist, verið vinir og samt haft ólíka siði, venjur og trú.
- ✓ **Stjarnan:** Í henni eru biblíusögur og sögur úr daglegu lífi sem varpa nánara ljósi á efni bókarinnar.
- ✓ **Regnboginn:** Í henni eru biblíusögur sem höfundar skýra og sögur úr daglegu lífi sem varpa nánara ljósi á efni bókarinnar. Settar eru fram tillögur að ýmiss konar verkefnum.

Helstu kennsluáferðir: Innlögn á töflu, umræður, fjölbreytt verkefnablöð, leikir. Mikið unnið í hringekju, para- og hópavinnu og á vinnusvæðum. Áætlaður er einn tími í trúabragðafræði á viku. Efni vetrarins verður unnið í nokkrum lotum og geta tímarnir því verið fleiri sumar vikur og færri aðrar vikur.

Efnispættir:

- Að nemendur fái innsýn í hin ýmsu trúarbrögð
- Jólaboðskapurinn
- Páskarnir

Sambætting námsgeina: Bækurnar eru sambættar við Byrjendalæsi.